



Fornleifaskráning vegna áformaðrar skógræktar og byggingaframkvæmda á Krossi í Mjóafirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/003

Forsíðumynd: Horft til austurs yfir bæjarstæði og norðurhluta heimatúns á Krossi. Bæjarstæðið hægra megin fyrir miðri mynd.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Lýsing á skráningarsvæðinu	6
Kross – ágríp af sögu	7
Fornleifaskrá	8
Minjar í heimatúni	8
Minjar á Skógræktarsvæði	19
Minjar utan heimatúns og framkvæmdasvæða	29
Samantekt	31
Minjar í heimatúni	31
Minjar á skógræktarsvæði	32
Minjar utan heimatúns og framkvæmdasvæða	33
Hættumat	33
Heimildaskrá	35

Inngangur

Að beiðni Bergs Valdimars Sigurjónssonar, eiganda eyðijarðarinnar Kross í Mjóafirði, var gerð fornleifaskráning vegna áformaðrar skógræktar í landi jarðarinnar. Vettvangsferð var farin 12. nóvember 2022. Stuðst var við kort frá Skógræktinni sem sýndi útlínur skógræktarsvæðisins. Til viðbótar við skógræktarsvæðið voru minjar metnar á og umhverfis mögulegan byggingareit í túni. Undirbúningur, vettvangsvinna og úrvinnsla var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Heimildamenn voru Víglundur Gunnarsson á Norðfirði og Sævar Egilsson í Mjóafirði. Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina sem og Tómasi Zoëga sem var leiðsögumaður í ferðinni.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2951

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>


Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Loftmyndir, vefsjár og önnur landfræðileg gagnasöfn eru einnig nýtt til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í landi Kross er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 2951.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum fyrirhugaðrar skógræktar og byggingaframkvæmda en einnig landrofs vegna ágangs sjávar þar sem hluti minjanna er staðsettur nálægt sjó. Hætta vegna byggingaframkvæmda er ekki mikil verði fullt tillit tekið til minja við framkvæmdir og mögulega veglagningu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, birtar með leyfi frá Skógræktinni. Örnefni eru fengin af örnefnasjá Landmælinga en þau voru skráð eftir Vilhjálmi Hjálmarssyni.



Mynd 1. Yfirlitmynd sem sýnir afmörkun skógræktarsvæðisins.

Lýsing á skráningarsvæðinu

Skipulagssvæðið er alls 72ha og liggur eftir strandlínunni frá innanverði Trésvík í vestri að Rangá í austri. Það liggur svo upp með Rangá, og svo eftir neðstu klettum í fjallshlíðinni aftur vestur fyrir Trésvík. Á mynd 1 má sjá áætlað skógræktarsvæði, merkt með rauðri línu, og eru minjar sem skráðar voru merktar með gulum punkti á myndina. Svæðið nær ekki yfir stóran hluta gamla heimatúnsins en minjar voru einnig skráðar þar að hluta vegna áætlaðra byggingarframkvæmda í gamla túninu. Skýrslan nær því bæði yfir minjar í og utan heimatúns.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af bæjarstæði og heimatúni. Tóftir bæjarins vinstra megin við miðja mynd. Tekið í suður.

Kross – ágríp af sögu

Kross er ysta jörðin á suðurströnd Mjóafjarðar. Fáar heimildir eru til um Kross fyrir á öldum. Í jarðabók frá 1847 er jörðin sögð eign Dvergasteinskirkju en upphaflega var hún Skriðuklaustursjörð. Árið 1675 gaf konungur jörðina Skálholti til framfærslu fátækum prestum. Kross sátu því stundum prestar við kirkjuna í Firði. Jörðin komst í bændaeign 1918.² Í manntali 1703 búa einungis tveir karlar á Krossi³ en á síðari öldum var jörðin oft tvísetin og stundum þrísetin og því mannmörg .

Kross var landmikil jörð og kostagóð og talin ágæt til búsetu sem byggðist, líkt og víðar við sjávarsíðuna, að hluta á sjósókn. Þar var þó aldrei stórútgerð enda lendingar erfiðar.⁴ Krosshöfn er um 3km utan bæjarins en einnig var lagt upp í fjörum neðan bæjar. Árið 1675 var Krossjörð metin 20 hundruð að dýrleika en í Jarðabók frá 1847 er hún metin 12 hundruð, þar af 2 hundruð í hjáleigunni Kross-stekk.⁵ Hjáleigur eða afbýli frá Krossi voru Höfn við Krosshöfn (nefnd eyðihjáleiga í jarðabók 1847), Kross-stekkur/Stekkur (áður Kross-hjáleiga), Miðhús, Gilsártangi og Rjúkindi.⁶ Þessi býli voru ekki öll í byggð á sama tíma. Góða úttekt á sögu og búsetu á Krossi er að finna í öðru bindi Mjófirðingasagna eftir Vilhjálmi Hjálmarsson.⁷

² Vilhjálmur Hjálmarsson, 1988, bls. 21.

³ www.manntal.is

⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 1975. bindi, bls. 542.

⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 372.

⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 1975. bindi, bls. 543.

⁷ Vilhjálmur Hjálmarsson, 1988.

Fornleifaskrá



Mynd 3. Yfirlitsmynd af minjum í og við tún á Krossi. Hvíta línan markar gamla túnið eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918. Númerin eiga við númer minja. í skýrslunni.

Minjar í heimatúni

Kross 2951-002

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla


Hættumat: Mikil hættu, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Efst í gamla túninu um 190m SA af gamla bæjarstæðinu og á austurbakka Bæjarlækjarins er hleðsla.

Lýsing

Þarna er greinilegur veggur um 9m á lengd, 30cm á hæð og 50cm á þykkt en óvíst hvort hleðslan hafi áður verið hluti af stærri tóft, kann að hafa verið heystæði.



Mynd 4. Minjar í austanverðu heimatúninu.

Kross 2951-003

Sérheiti: Hólshlaða?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Efst í gamla túninu er upphækkuð flöt, líkt og undan mannvirki sem hefur verið sléttað út.

Lýsing

Þarna er upphækkuð slétt flöt í túni 4x11m að stærð. Vegna sinu var erfitt að greina mögulegar veggjaleifar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Skammt utan við Bæjarlæk, ofan við götu var Hólshús og Hólshlaða.“ Á örnefnakorti frá Landmælingum er tóft [2951-031] merkt sem Hólshús en tóft [2951-025] innan við bæjarstæðið kölluð Hólshlaða. Þetta passar ekki við lýsingu í örnefnaskrá en á túnakorti má sjá aðra byggingu ofan við Hólshúsin. Vera kann að það hafi verið Hólshlaðan en þarna er nú einungis sléttuð flöt í túni.

Kross 2951-004

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Efst í SA horni gamla túnsins eru tvær kofatóftir og um 7m á milli þeirra.

Lýsing

Nyrðri tóftin er algróin grasi og 3x5m að utanmáli. Hún snýr NV-SA og virðist opin til NV. Veggir eru óverulegir um 10-30cm á hæð og um 50cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en tóftin liggur nærri mógrafasvæði og hefur e.t.v. verið til að þurrka mó.

Kross 2951-005

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Efst í SA horni gamla túnsins eru tvær kofatóftir og um 7m á milli þeirra.

Lýsing

Syrðri tóftin er algróin grasi og 3x7m að utanmáli. Hún snýr SV-NA og virðist opin til NV. Veggir eru óverulegir um 10-30cm á hæð og um 50cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en tóftin liggur nærri mógrafasvæði og hefur e.t.v. verið til að þurrka mó.

Kross 2951-006

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Austast í gamla túninu, 190m SA af bæjarstæðinu eru leifar 3-4 samliggjandi matjurtagarða.

Lýsing

Garðarnir hafa verið 2-3 og má enn sjá í þeim beð. Þeir eru hlaðnir úr grjóti og ná yfir 20x40m svæði, á austurbakka lækjar. Hleðslur eru allt að 80cm háar og veggir mest um 1m á breidd. Túngarður, mögulega undan girðingu, liggur til norður frá matjurtagarðinum.

Aðrar upplýsingar

Garðarnir eru sýndir á túnakorti.



Mynd 5. Matjurtagarðar [2951-006], austast í túni. Enn má sjá leifar af beðum innan garðanna. Túngarðurinn [2951-015] sést vinstra megin á mynd. Horft í vestur.

Kross 2951-007

Hlutverk: Matjurtagarður?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Austast í gamla túninu, um 6m ofan við matjurtagarða [2951-006] er garð- eða veggjabrot.

Lýsing

Garðbrotið er á austurbakka lækjar. Það liggur frá NV-SA á um 5m löngum kafla og svo til austurs á um 3m löngum kafla. Garðurinn er um 60cm á hæð og 60cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk óvíst en gæti verið hluti af matjurtagarði [2951-006].

Kross 2951-015

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leifar af túngarði eða hleðslu undan girðingu er að finna á um 180m löngum kafla meðfram austurhlið gamla túnsins.

Lýsing

Garðurinn liggur til norðurs frá matjurtagarði [2951-006] og er vel glöggur á um 70m löngum kafla. Op er á garðinum þar sem gata [2951-034] liggur til austurs frá túninu. Garðurinn er hæstur um 80cm og um 80cm breiður. Hann er svo óleggri á um 70m löngum kafla meðfram túninu en verður sýnilegri á um 50m löngum kafla en er þar rétt um 30cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að garðurinn hafi verið hleðsla undan vírgirðingu.

Kross 2951-016

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir og lýsing

Upphækkuð þúst er efst og syðst í túni, mögulega leifar einhverskonar mannvirkis. Engin veggjalög eru þó greinileg. Þústin er um 6x7m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti er sýnt hús eða garður [2951-049] efst í túni, um 20m austan við þústina. Það er þó ólíklegt að um sama mannvirki sé að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Upp af Krossi voru kallaðar Bæjarbrekkur, en Ból upp af Trésvík. Er þar talsvert aðhald og augljóslega aðstaða til að „bæla“ ær.“

Kross 2951-022

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimreið


Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði, innan túns er heimreiðin nærri framkvæmdasvæði

Staðhættir og lýsing

Heimreið liggur neðan brekku til vesturs inn frá túninu.

Aðrar upplýsingar

Gömlu reiðgötturnar hafa síðar verið notaðar sem bílvegur en á um 300m löngum kafla ofan Trésvíkur liggja gömlu götturnar nær sjávarbakka en bíslóðin ofar. Heimreiðin liggur vestan frá inn túnið ofan útihúsa [2951-024 og 025] að bæjarstæðinu. Gatan hefur líklega legið út túnið og gegn um hlið á túngarði austan túns en hún er mjög óglögg í túninu sjálfu. Var skráð sér [2951-034] þar sem hún liggur austur frá túni.



Mynd 6. Mynd sem sýnir tóftir á bæjarstæði og útihús vestan þess.

Kross 2951-023

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir og lýsing

Grunnur handgrafinn skurður liggur á 150m löngum kafla frá læknum Júdasí í SV horni túnsins, til SV upp brekkuna.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn hefur leitt vatn í lækinn.

Kross 2951-024

Sérheiti: Draughús

Hlutverk: Óþekkt, rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á vesturbakka lækjarins Júdasar um 90m vestan bæjarstæðis Kross eru tóftir af fjárhúsi eða rétt.

Lýsing

Tóftin er algróin, 14x20m að utanmáli og engin veggjalög greinanleg innan hennar. Veggir eru um 70cm háir og 80cm breiðir. Hlið eða dyr hafa verið út úr mannvirkinu til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 14) segir: „Niður á Einskeftuna fellur lækurinn Júdas og vill þorna í þurrkatíð. Innan við hann, neðan götu, eru tættur af Draughúsínu [...]. Nafngiftin í örnefnaskrá bendir til að þetta hafi verið hús af einhverju tagi, en mannvirkið líkist fremur afgirtum garði eða rétt. Virðist eldri en aðrar tóftir í túni þar sem hleðslur eru algrónar.

Kross 2951-025

Sérheiti: Hólshlaða?

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 60m vestan bæjarstæðis er fjárhús- og hlöðutóft.

Lýsing

Tóftin líkist fremur fjárhúsi með hlöðu aftan við en hlöðutóft. Tóftin snýr nálega N-S, 12x15m að utanmáli og hafa dyr vitað í norður. Vegghleðslur standa enn vel, veggir hæstir um 1m og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Skammt utan við Bæjarlæk, ofan við götu var Hólshús og Hólshlaða.“ Á örnefnakorti hjá Landmælingum er tóft [2951-031] merkt sem Hólshús en tóft [2951-025] innan við bæjarstæðið kölluð Hólshlaða. Þetta passar ekki við lýsingu í örnefnaskrá en á túnakorti má sjá aðra byggingu [2951-003] ofan við Hólshúsin. Vera kann að það hafi verið Hólshlaðan en þarna er nú einungis sléttuð flöt í túni.

Kross 2951-026

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Á túnakorti má sjá afmarkaðan matjurtagarð fast sunnan bæjarhúsa á Krossi.

Lýsing

Garðurinn hefur verið um 10x30m að stærð en engin ummerki sjást um hann lengur.

Kross 2951-027

Sérheiti: Kross

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tveir grjóthlaðnir og steinsteypdir grunnar íbúðarhúsa eru á bæjarstæðinu.

Lýsing

Bæjarhóllinn er dálítil upphækkun fyrir miðju túni, á vesturbakka Bæjarlækjar, um 20x30m að umfangi. Í hólnum eru tveir kjallaragrunnar. Vestari grunnurinn er grjóthlaðinn en steyppt í að hluta. Grunnurinn er um 6x8m að innanmáli og hleðslan er hæst um 1,5m en veggjaþykkt óljós þar sem grunnurinn er að hluta grafinn í bæjarhólinn. Tvær hleðslur liggja til vesturs frá vestur vegg grunnsins og myndar tóft, 2x5m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru þessir grunnar merktir sem sitt hvort íbúðarhúsið. Í Sveitum og jörðum (2. bindi, bls. 544) segir: Íbúðarhús voru úr timbri og jární frá því upp úr aldamótum.“



Mynd 7. Mynd af Krossbæjum um 1950. Horft til norðurs. Vinstra megin á mynd er mannvirki [2951-027] en hægra megin [2951-028]. Myndin er birt í *Mjófirðingasögu*, 2. bindi, bls. 73.

Kross 2951-028

Sérheiti: Kross

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tveir grjóthlaðnir og steinsteypdir grunnar íbúðarhúsa eru á bæjarstæðinu.

Lýsing

Bæjarhóllinn er dálítil upphækkun fyrir miðju túni, á vesturbakka Bæjarlækjar, um 20x30m að umfangi. Í hólnum eru tveir kjallaragrunnar. Austari grunnurinn er grjóthlaðinn en steypd í að hluta. Grunnurinn er um 5x5m að innanmáli og hleðslan er hæst um 1,5m en veggjaþykkt óljós þar sem grunnurinn er að hluta grafinn í bæjarhólinn. Steypd afhýsi eða er á austurhlið, um 2x3m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru þessir grunnar merktir sem sitt hvort íbúðarhúsið. Í Sveitum og jörðum (2. bindi, bls. 544) segir: Íbúðarhús voru úr timbri og járni frá því upp úr aldamótum.“

Kross 2951-029

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Steinsteypa

Staðhættir

Austarlega í túni um 140m ANA af bæjarstæðinu er steinsteypdur húsgrunnur.

Lýsingin

Grunnurinn er steinsteypdur um 9x12m að utanmáli og um 1m á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Skv. heimildamanni Víglundi Gunnarssyni var þarna byrjað á steinsteypum grunni undir fjárhús eftir að búskapur lagðist af en hætt við allar frekari búsetuhugmyndir og fjárhúsin voru aldrei byggð. Grunnurinn telst ekki fornleifar skv. laganna hljóðan en er hluti af búskaparsögu bæjarins og þeirra minjaheildar sem þar er að finna.

Kross 2951-030

Sérheiti: Kofinn

Hlutverk: Hrútakofi, híbýli?

Tegund: Heimild, tóft

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 30m austur af Bæjarlæk og um 57m beint austur af bæjarstæðinu er uppistandandi kofi, tóft sem reft hefur verið yfir.

Lýsing

Tóftin er um 3x4m að utanmáli en reft hefur verið yfir hana og stendur þarna nú kofi. Hæð veggja er um 1m en þykkt óviss.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir:

„Neðan við götu var Kofinn, og þar var búið um skeið, en þá voru þrír bændur á Krossi.“ Þegar manntöl eru skoðuð má sjá að um 1910 var þríbýlt en einbýlt 1920.⁸ Á túnakorti er sýnt 10x26m stórt svæði sem merkt er sem íbúðarhús. Í suðvestur horni þessa svæðis er hlaðin kofatóft sem reft hefur verið yfir. Víglundur Gunnarsson segir þetta síðast hafa verið hrútakofa en líklega sé um að ræða Kofann sem getið er um í örnefnaskrá. Heimildamenn segja að reft hafi verið yfir tóftina um 1980 af Jóni Stefánssyni, syni Stefáns Eiríkssonar síðasta ábúanda á Krossi. Kofinn var nýttur sem sumarhús. Hér er kofinn skráður sér og svæðið [2951-033] sem sýnt er á túnakortinu sér þar sem að þar kunna að hafa verið önnur bæjarhús ekki tengd kofanum.



Mynd 8. Hrútakofi og mögulega tóft Kofans svokallaðs. Horft til suðurs

Kross 2951-031

Sérheiti: Hólshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 140m SA af bæjarstæðinu, ofarlega í túni utan Bæjarlækjar er tóft.

Lýsing

Um er að ræða fjárhústóft sem snýr N-S, hleðslur standa vel og þil hefur vitað til norðurs. Tóftin er 5x9m að utanmáli og veggir eru allt að 1m á hæð og þykkt. Tóftin er vel gróin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Skammt utan við Bæjarlæk, ofan við götu var Hólshús og Hólshlaða.“

Kross 2951-032

Sérheiti: Götuhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

⁸ Tekið af heimasíður Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is

Fjárhústóft er austarlega í túni.

Lýsing

Tóftin snýr nálega N-S og er 5x7m að utanmáli. Veggir standa ágætlega nema nyrst, þil eða dyr hefur snúið til norðurs. Veggir eru 60-100cm á hæð og allt að 1m að þykkt. Tóftin er vel gróin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Skammt utan við Bæjarlæk, ofan við götu var Hólshús og Hólshlaða. Utar hét *Götuhús* og upp af því Þrjótur, kargapýfð skák fyrrum.“

Kross 2951-033

Sérheiti: Kross

Hlutverk: Híðýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 50m austan bæjarstæðisins á austurbakka bæjarlækjar er sléttuð flöt. Austast á henni er uppistandandi kofi [2951-030].

Lýsing

Þarna er núna sléttuð mis-hæðótt flöt um 10x30m að stærð. Engin veggjalög eru greinanleg.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13)

segir: „Neðan við götu var Kofinn, og þar var búið um skeið, en þá voru þrír bændur á Krossi.“ Þegar manntöl eru skoðum má sjá að um 1910 var þrívílt en einvílt 1920.⁹ Á túnakorti er sýnt 10x26m stórt svæði sem merkt er sem íbúðarhús. Í suðvestur horni þessa svæðis er tóft af kofa sem seinast var notaður sem hrútakofi meðan búið var á Krossi. Víglundur Gunnarsson segir að þarna sé líklega sé um að ræða Kofann sem getið er um í örnefnaskrá. Vera kann að veglegri bæjarhús hafi staðið á þessum skika þegar þrívílt var á Krossi en þarna er ekki hægt að greina nein veggjalög nú, utan kofans sem stendur enn en hann er skráður sérstaklega hér að framan [2951-030].



Mynd 9. Horft til vesturs yfir bæjarstæði austan Bæjarlækjar. Hægra megin á mynd er „Kofinn“ en vinstra megin við hann er sléttuð svæði sem merkt er sem bæjarstæði á túnakorti.

Kross 2951-042

Sérheiti: Hjaléiga?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þýfð upphækkun er neðarlega í túni, um 50m neðan við steyptan fjárhúsgrunn [2951-029].

Lýsing

⁹ Tekið af heimasíður Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is

Þarna er upphækkað þýft svæði um 8x18m að stærð. Engin veggjalög eru greinanleg en þarna gætu hafa verið einhver mannvirki.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Neðan við götu var Kofinn, og þar var búið um skeið, en þá voru þrír bændur á Krosssi. Utar og neðar, spölkorn upp frá Vogunum, er dálítill hóll á sléttu túninu og nefnist *Hjáleiga*. Skýringar á þeirri nafngjöf eru nú ekki tiltækar.“

Kross 2951-047


Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Hætta vegna

Staðhættir

Grunnur, handgrafinn skurður liggur frá vestanverðu bæjarstæði niður í fjöru, hann er alls 100m langur.



Mynd 10. Minjar í heimatúni. Túnakort frá ca. 1920 lagt yfir loftmynd. Dökkir kassar eru hús og matjurtagarðar en rauðir kassar tákna híbýli manna.

Horfnar minjar með hnitum

Kross 2951-049

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tvö hús eða garðar eru sýndir efst í túni á túnakorti Kross.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af túnakorti. Neðra mannvirkið hefur verið um 60m ofan bæjar, um 11x19m. Þarna var mikil sína við vettvangsskráningu og engin ummerki fundust um vegg eða annað sem bent gætu á byggingar.

Kross 2951-050

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tvö hús eða garðar eru sýndir efst í túni á túnakorti Kross.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af túnakorti. Efra mannvirkið hefur verið efst í túni um 120m ofan við bæjarstæðið. Það virðist hafa verið 11x19m að stærð. Þarna var mikil sína við vettvangsskráningu og engin ummerki fundust um vegg eða annað sem bent gætu á byggingar.

Minjar á Skógræktarsvæði



Mynd 11. Yfirlitsmynd sem sýnir númer og legu minja utan heimatúns. Hvíta línan afmarkar heimatúnið eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918.

Kross 2951-001

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Í móa um 195m ofan og SV bæjarstæðis á Krossi eru leifar lítils kofa.

Lýsing

Kofinn snýr NNA-SSV, er algróinn grasi, 2x3m að utanmáli og dyr á NA hlið. Veggir um 30cm á hæð og um 50cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk óþekkt, mögulega smalakofi.

Kross 2951-008

Sérheiti: Græfur

Hlutverk: Mógröf


Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Svæði sem kallast Græfur liggur fast austan túns á Krossi, þar var tekinn mór.

Lýsing



Mynd 12.. Minjar í Græfum austan túns.

Þarna eru a.m.k. fjögur mógrafarsvæði þó svo að mór hafi vísast verið tekinn á öllu svæðinu. Þetta er stærst svæðanna fjögurra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Á milli lækjarins og túngirðingar á Krossi er vel gróið land, en sundurskorið af lækjarsytrum, og heita þar Græfur. Þar var mótekja.“

Kross 2951-009

Sérheiti: Græfur

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Svæði sem kallast Græfur liggur fast austan túns á Krossi, þar var tekinn mór.

Lýsing

Þarna eru a.m.k. fjögur mógrafarsvæði þó svo að mór hafi vísast verið tekinn á öllu svæðinu. Þetta er minnst svæðanna fjögurra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Á milli lækjarins og túngirðingar á Krossi er vel gróið land, en sundurskorið af lækjarsytrum, og heita þar Græfur. Þar var mótekja.“ Tvær mótóftir [2951-035 og 036] liggja við vesturbakka mógrafarinnar.

Kross 2951-010

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Gata liggur frá túni frá Græfum og upp brekkuna til austurs.

Lýsing

Um 300m langur kafli götunnar liggur innan áætlaðs skógræktarsvæðis.

Aðrar upplýsingar

Þessarar götu er getið í örnefnaskrá Kross (bls. 10-11) en þar segir: „Niður af „hnausum“ inn undir Geitavíkurlæk, er Heyhryggur, heybandsleið af Rangár- og Ljósármýrum, og niður af honum Stekkjarklettur [...]“



Mynd 13. Stekkur við Stekkjarkletta Sjá má tvær hleðslur milli klettanna. Horft í norður.

Kross 2951-011

Sérheiti: Stekkjarklettur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Um 620m austan bæjarstæðis Kross eru klettur sem nefnast Stekkjarklettur. Við klettana eru hleðslur sem mynda heldur óvenjulegan stekk.

Lýsing

Líkt og segir í örnefnalýsingu hér að neðan er stekkurinn myndaður af tveimur klettaveggjum sem hlaðið hefur verið á milli á tveimur stöðum. Nyrðri hleðslan er um 5m löng og um 40cm þar sem hæst. Syðri hleðslan er um 4m að lengd og rétt um 40cm á hæð. Hleðslurnar eru um 60cm á þykkt og mjög hrundar. Þær mynda hólfið eða rétt sem er 6m að lengd frá norðri til suðurs og 6m frá austri til vesturs.

Vestan megin réttarinnar er lambakróin en hún er náttúrumyndun, klettakró um 3x6m að stærð og hefur verið hlaðið fyrir hana sunnan til.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 10-11) segir: „Niður af „hnausum“ inn undir Geitavíkurlæk, er Heyhryggur, heybandsleið af Rangár- og Ljósármýrum, og niður af honum Stekkjarklettur og ná inn undir lækinn, sérstakt náttúrusmíð, tveir sjálfgerðir veggir og hola í klettinn fyrir lömbin. Neðan undir klettunum má greina leifar af hleðslu, sem vafalaust hefur verið til aðhalds fyrir kindur. Lækur rennur niður milli klettanna í miðri réttinni.

Kross 2951-040

Hlutverk: Rétt?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Neðan undir svokölluðum Stekkjarklettum 620m austur af bæ er hleðsla (sjá mynd 9).

Lýsing

Um 11m löng hleðsla er neðan við og milli tveggja kletta um 20m neðan stekkiar [2951-011]. Hún er mjög hrunin og gróin en virðist mynda hólf um 4x6m að stærð. Um 2m löng fyrirhaleðsla afmarkar um 4x4m hólf í gróf inn í klettana. Í örnefnaskrá er talað um hleðslu til aðhalds fyrir kindur en þarna gæti einnig verið um leifar eldri stekkiar að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 10-11) segir: „Niður af „hnausum“ inn undir Geitavíkurlæk, er Heyhryggur, heybandsleið af Rangár- og Ljósármýrum, og niður af honum Stekkjarklettur og ná inn undir lækinn, sérstakt náttúrusmíð, tveir sjálfgerðir veggir og hola í klettinn fyrir lömbin. Neðan undir klettunum má greina leifar af hleðslu, sem vafalaust hefur verið til aðhalds fyrir kindur.

Kross 2951-017

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir


Þrjár kofatóftir eru í móa um 150m vestur af túni og um 70m ofan við heimreiðina [2951-022] að bænum.

Lýsing

Austasta tóftin er um 3x6m að utanmáli, veggir óglöggir, hæstir um 20cm og 60cm breiðir. Op eða dyr gætu verið á tóftinni til austurs en veggjalög of ógreinileg til að fullyrða það.



Mynd 14. Teikning af hleðslum við Stekkjarkletta.



Mynd 15. Kofatóftir í móa vestan túns.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en þetta kann að vera heytóft.

Kross 2951-018

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Þrjár kofatóftir eru í móa um 150m vestur af túni og um 70m ofan við heimreiðina [2951-022] að bænum

Lýsing

Miðjutóftin er upphækkuð þúst, um 2x3m að utanmáli. Veggjalög ekki greinanleg.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk óþekkt en gæti verið heytóft.

Kross 2951-019

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?


Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Þrjár kofatóftir eru í móa um 150m vestur af túni og um 70m ofan við heimreiðina [2951-022] að bænum

Lýsing



Mynd 16. Kofatóft [2951-019]. Horft til asuturs.

Vestasta tóftin er um 2,5x4m að utanmáli. Hún snýr NNV-SSA og eru veggir óverulegir, hæstir um 30cm og um 50cm breiðir. Dyr virðast hafa verið á mannvirkinu til NV.

Aðrar upplýsingar

Mögulegt er að þarna sé um heytóft að ræða en venjulega eru ekki dyr á slíkum mannvirkjum. Gæti verið smalakofi.

Kross 2951-021

Sérheiti: Ból

Hlutverk: Náttthagi?

Tegund: Heimild, hleðsla

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Uppi í brekku um 400m inn af túni og 100m ofan heimreiðar er einföld grjótröð, líklega undan girðingu.

Lýsing

Grjótröðin sést þarna á um 15m löngum kafla en er líklega hluti af hleðslu undan vírgirðingu sem hefur legið eftir brekkunni. Engin önnur mannvirki voru á svæðinu.

Kross 2951-034

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir og lýsing

Gata er í túninu og liggur hún í gegn um túngarðsvegg og austur fyrir túnið þar sem hún virðist hverfa í mýri í Græfunum. Er líklega framhald af heimreiðinni [2951-022] sem hefur þá legið ofan við bæjastæðið í gegnum túnið, neðan við Götuhús [2951-032] og til austurs út að Krosshöfn.

Kross 2951-035

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Tvær tóftir eru á vesturbakka mógrafar [2951-009] í Græfum, um 30 utan við SA horn gamla túnsins.

Lýsing

Nyrðri tóftin er gleggri, hún snýr N-S, 3x5m að utanmáli. Veggir eru óverulegir um 30cm þar sem hæstir og 40cm á breidd. Op virðist á tóftinni til suðurs.

Kross 2951-036

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Tvær tóftir eru á vesturbakka mógrafar [2951-009] í Græfum, um 30 utan við SA horn gamla túnsins.

Lýsing

Syðri mótóftin er einungis upphækkuð þúst um 2x3m að utanmáli.



Mynd 17. Horft yfir mógrafarsvæðið, svokallaðar Græfur. Næst á mynd er Geitavíkurlækur en Krosstúnið er fjær á mynd, Græfur eru svæðið þar á milli. Horft í vestur.

Kross 2951-037

Sérheiti: Græfur

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Svæði sem kallast Græfur liggur fast austan túns á Krossi, þar var tekinn mór.

Lýsing

Þarna eru a.m.k. fjögur mógrafarsvæði þó svo að mór hafi vísast verið tekinn á öllu svæðinu. Þetta er nyrst svæðanna fjögurra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Á milli lækjarins og túngirðingar á Krossi er vel gróið land, en sundurskorið af lækjarsytrum, og heita þar Græfur. Þar var mótekja.“

Kross 2951-038

Sérheiti: Græfur

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Svæði sem kallast Græfur liggur fast austan túns á Krossi, þar var tekinn mór.

Lýsing

Þarna eru a.m.k. fjögur mógrafarsvæði þó svo að mór hafi vísast verið tekinn á öllu svæðinu. Þetta er svæði er skammt austan við mógrafarsvæði [2951-009] en þessi tvö svæði eru aðskilin af lækjarfarvegi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Á milli lækjarins og túngirðingar á Krossi er vel gróið land, en sundurskorið af lækjarsytrum, og heita þar Græfur. Þar var mótekja.“

Kross 2951-039

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Fornleg tóft liggur 3m ofan götu [2951-010], á vesturbakka Geitavíkurlækjar um 70m austur af Græfum og 500m SA af bæjarstæðinu.

Lýsing

Tóftin er lyngi vaxin og nokkuð fornleg. Hún liggur N-S, er jarðsokkin og engar dyr sjást á henni. Að utanmáli eru hún 3x6m. Veggir 30-50cm háir og um 60cm á breidd.



Mynd 18. Fornleg tóft [2951-039] á bakka Geitavíkurlækjar. Horft í SA.

Kross 2951-041

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir og lýsing

Gata sést á um 150m löngum kafla í mounum austan túns og er gleggst neðan við svokallaða Stekkjarkletta.

Kross 2951-043

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Tóft af litlum kofa er 5m er ofan (sunnan) gamla túnsins.

Lýsing

Tóftin er algróin, 2,5x2,5m að utanmáli og engar dyr sjáanlegar. Veggir eru 10-30cm á hæð og um 50cm á breidd.



Mynd 19. Horft til austurs yfir sunnanvert heimatúnið, Huldukonusteinn sést við skurð ofan túns, hægra megin á mynd.

Kross 2951-044

Sérheiti: Huldukonusteinn

Hlutverk: Þjóðsaga

Tegund: Náttúrusteinn

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Um 180m beint ofan bæjar ofan gamla túnsins er stæðilegur náttúrusteinn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 14) segir: „Inn og upp af Krossbænum í túnjarði er stakur, stór steinn, Huldukonusteinn. Húsfreyja á Krossi varð vör við íbúa steinsins um miðja þessa öld og nokkru seinna lítil stúlka, sem þar átti heima.“

Kross 2951-045


Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir og lýsing

Ofan gamla túnsins er grunnur handgrafinn skurður 50m langur. Liggur N-S upp brekkuna.



Mynd 20. Myndin sýnir leiðir og skurði á skráningarsvæðinu. Leiðir eru merktar með grænum lit en skurðir með gulum.

Kross 2951-046

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir og lýsing

Ofan gamla túnsins við svokallaðan Huldukonustein [2951-044] eru þrír handgrafnir skurðir. Tilgangur með þeim er óviss.

Minjar utan heimatúns og framkvæmdasvæða

Kross 2951-012

Hlutverk: Leið, hleðsla undan brú?

Tegund: Hleðsla, gata

Hættumat: Mikil hætta, er á skilgreindu skógræktarsvæði

Staðhættir

Hleðsla er í vesturbakka Geitavíkurlækjar um 15m ofan sjávarkletta.

Lýsing

Um er að ræða þriggja metra langa hleðslu upp við vestari lækjarbakkann. Hleðsla sést ekki á austurbakkanum.

Aðrar upplýsingar

Þarna kann að hafa verið brú á læknum. Gata liggur til og frá hleðslunni eftir sjávarbakkanum.



Mynd 21. Hleðsla [2951-012] á bakka Geitavíkurlækjar. Horft í vestur.


Kross 2951-013

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir



Mynd 22. Leifar hrúnins hjalls [2951-013]

Leifar tveggja hjalla liggja fremst á sjávarbakka ofan sjávarkletta um 200m austan við NA horns túnsins.

Lýsing

Austari hleðslan er úr stóru fjörugrjóti, mjög hrúnin og erfitt að gera sér grein fyrir upprunalegri veggjaþykkt og hæð. Hjallurinn hefur legið austur-vestur, 5m langur og 3m breiður.

Aðrar upplýsingar

Hjallurinn tengist sjósókn.

Kross 2951-014

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna sjávangangs

Staðhættir

Leifar tveggja hjalla liggja fremst á sjávarbakka ofan sjávarkletta um 200m austan við NA horns túnsins.

Vestari hjallurinn liggur frammi á klettatanga við sjó, 30m SV af hjalli [2951-013]

Lýsing

Hleðslur eru úr stóru fjörugrjóti og eru mjög hrundar þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir upprunalegri þykkt og hæð veggja. Að utanmáli er hjallurinn 3x6m og hann snýr nálega NNV-SSA.

Aðrar upplýsingar

Hjallurinn tengis sjósókn.



Mynd 23. Leifar hrunins hjalls [2951-014].


Kross 2951-020

Sérheiti: Grænistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir



Mynd 24. Teikning af Grænastekk [2951-020].

Vestan svokallaðrar Trésvíkur um 430m vestan túns á Krossi er stekkjartóft.

Lýsing

Stekkurinn er tvískiptur, liggur A-V, um 4x10m að utanmáli. Réttin er vestan megin um 2x5m að innanmáli en lambakróin er austan við, 2x3m að innanmáli. Hleðslur í stekknunum eru mjög hrundar en veggir eru hæstir um 60-80cm á hæð og 1m á þykkt. Tóftin er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 11) segir: „Innan við Trésvík og upp af Sandfjörutanga er tóttarbot, sem heitir Grænistekkur.“

Kross 2951-048

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

200m beint vestur af bæjarstæðinu, ofan við svokallaðan Gíslatanga er algróin tóft.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA, þil hefur vitað í NV. Veggir algrónir grasi en veggjahæð 20-60cm og veggjaþykkt um 80cm.

Aðrar upplýsingar

Tóftin tengist líklega sjósókn.

Samantekt

Alls voru skráðar 50 minjar á Krossi, þrjár þeirra eru horfnar en hægt var að áætla legu þeirra og taka hnit út frá túnakorti sem lagt hafði verið yfir loftmynd. Vettvangsferðin var farin í nóvember og var töluverð sina, sérstaklega í túni. Þrátt fyrir að jörðin hafi farið í eyði um miðja 20. öld voru ágætis gögn til fyrir skráninguna. Þrýðilegt túnakort af túni jarðarinnar er til frá 1918-20 og úr Mjóafirði eru til góðar örnefnaskrár. Hjá Landmælingum er að finna þekju með örnefnum sem unnar voru upp úr örnefnaskrár með leiðréttingum frá Vilhjálmi Hjálmarssyni. Einungis hluti jarðarinnar var skráður þar sem skráningin náði einvörðungu yfir minjar á áætluðu skógræktarsvæði og á og umhverfis byggingarreit í gamla túninu. Líkt og í öðrum sjávarbyggðum austanlands, þar sem búskapur lagðist af fyrir tilkomu stórvirkra vinnuvéla og nútíma búskaparhætti, er fjöldi minja töluverður. Minjar á svæðinu gefa því heildstæða mynd af búsetulandslaginu eins og það var á 19. öld fram um miðja 20. öld.

Minjar í heimatúni




Mynd 25. Myndin sýnir áætlaða legu byggingarreits í túni.

Heimatún voru einungis unnin með hand- og hestaverkfærum. Áhugaverða frásögn Vilhjálms Hjálmarssonar um vinnu við túnagerð á Krossi má finna í tímaritinu Bliki frá 1974.¹⁰ Eftirstandandi tóftir mynda nokkuð heildstæða mynd af túninu eins og það var í upphafi 20. aldar en þó má greina nokkrar breytingar. Á túnakorti (sjá mynd 21) eru sýnd tvö hús eða garðar [2951-049 og 050] efst í SV horni túns sem hafa verið sléttuð eftir 1920 því engin ummerki eru um þau lengur. Það sama má segja um matjurtagarð [2951-026] ofan íbúðarhúsa á gamla bæjarstæðinu á vesturbakka Bæjarlækjarins. Í túni

¹⁰ https://heimaslod.is/index.php/Blik_1974/A%C3%B0sent_br%C3%A9f

eru minjar þriggja mannvirkja sem reist hafa verið eftir að túnakortið var gert. Það eru tóft af fjárhúsi og hlöðu [2951-025] vestan bæjarstæðis sem hefur verið byggt úr torfi og grjóti og steinsteyptur fjárhúsgrunnur [2951-029] austast í túni. Enn stendur kofi í tóft gamals hrútakofa [2951-030] sem ekki er sýndur á túnakorti en hann stendur á sama svæði og er sýnt sem íbúðarhús á kortinu. Örnefnaskrá getur um Kofann, þar sem á að hafa verið búið. Vera kann að búið hafi verið í kofanum áður en hann var endurnýttur sem hrútakofi og síðast sem sumarhús eftir 1980. Ofan og sunnan kofans er ferköntuð þýfð flöt [2951-033] sem samsvarar nokkurn veginn svæðinu sem merkt er sem íbúðarhús á túnakorti. Þarna kunna því að hafa verið bæjarstæði sitt hvoru megin bæjarlækjarins. Tveir smákofar [2951-004 og 005] eru á mörkum túns í SA horni, mögulega nýttir til móþurrkunar. Tvennar þústir [2951-003 og 016] efst í túni benda til mannvirkja en engin veggjalög eru greinanleg. Neðst í túni er upphækkað svæði sem ekki er hægt að greina veggj í en vera kann að þetta sé „Hjáleigan“ sem getið er í örnefnaskrá.¹¹ Minjar á túnakorti sem enn eru til staðar eru tvennir steinsteyptir og hlaðnir grunnar [2951-027 og 028] undan íbúðarhúsum á bæjarstæði, stæðilegir matjurtagarðar [2951-006] austast í túni, fjárhús og hlöðutóftir [2951-024, 031 og 032] og leifar svokallaðs Draughúss [2951-024] sem lítur helst út fyrir að vera tóft af rétt. Þar sem ekki lá fyrir að byggja ætti í gamla túninu þegar skráð var á vettvangi voru minjar úti við sjóinn í túni ekki skráðar. Samkvæmt örnefnaskrá á þar að vera að finna leifar sjóhúss við Krossfjöru, hákarlagrafa ofan Skrápatanga og heytóftar ofan við Einskeftu.

Minjar á skógræktarvæði



Mynd 26. Myndin sýnir minjar innan skógræktarsvæðisins. Heimatúnið er afmarkað með hvítu línu.

¹¹ Örnefnaskrá Kross, bls. 13.

Alls fundust 26 minjar innan afmarkaðs skógræktarsvæðis, þar af eru tvær [2951-049 og 050] horfnar. Hlutverk flestra minja innan skógræktarsvæðis eru smákofar, skurir og leiðir. Á svokölluðu Bóli, þar

sem átti að hafa verið náttthagi, fannst einföld steinhleðsla undan vírgirðingu en engin önnur mannvirki. Leifar fjögurra smákofa er í mounum vestan túns [2951-001, 017, 018 og 019]. Hlutverk er óljóst, kofi 001 gæti verið smalakofi en hinar tóftirnar gætu tengst heyskap. Leifar kofa [2951-002] eru á mörkum skógræktarsvæðisins efst í gamla túninu og nokkrum metrum ofar er tóft smá kofa [2951-043]. Græfur heitir mógrafasvæði fast austan við SA horn heimatúnsins. Þar eru nokkrar mógrafir [2951-008, 009, 037 og 038]. Leifar tveggja mókofa [2951-035 og 036] liggja svo á vesturbakka einnar mógrafarinnar. Á vesturbakka Geitavíkurlækjar eru leifar tóftar [2951-039] sem var nokkuð fornlegri en aðrar tóftir á svæðinu. Við Stekkjarkletta eru leifar nokkuð séstaks stekkar [2951-040] sem hlaðinn er upp við náttúrukletta. Skammt frá eru leifar óleggri hleðslu [2951-040], e.t.v. aðhalds eða eldri stekkar. Heimreiðin [2951-022] að bænum og þrennar götur [2951-010, 034 og 041] austan túns eru einnig að hluta innan svæðisins. Nokkrir handgrafnir skurðir [2951-023, 046 og 045] eru innan svæðis. Ofan túns innan skógræktarsvæðis er svo sérstæður náttúrusteinn sem kallast Huldukonusteinn [2951-044].

Minjar utan heimatúns og framkvæmdasvæða

Við vettvangsskoðun voru fimm minjar skráðar sem eru neðan afmarkaðs skógræktarsvæðis. Grænistekkur [2951-020] er á tanga ofan við svokallaða Trésvík, neðan vestasta hluta skógræktarsvæðisins. Einnig voru skráðar þrennar tóftir tengdar sjósókn, tóft [2951-048] ofan við Gíslastanga innan við gamla túnið og leifar tveggja hruninna hjalla [2951-013 og 014] fremst á sjávarklettum austan túns. Frá hjöllunum liggur svo gata að mögulegri brúarhleðslu [2951-012] og áfram út með ströndinni.

Hættumat

Við gerð skráningar er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír flokkar, engin hættu, hættu og mikil hættu.¹² Mat á hættu minja má finna í töflu 2 í viðauka við skýrslu.

Tafla 1. Hættumat minjanna sem skráðar voru.

Ástæða	Fjöldi minja	%
Mikil hættu vegna skógræktar	26	52
Hættu vegna skógræktar	4	8
Hættu vegna landbrots	3	6
Hættu vegna framkvæmda	6	12
Engin hættu	11	22

Allar minjar sem eru innan eða á mörkum skógræktarsvæðis eru metnar í mikilli hættu. Minjar sem eru innan 20m frá mörkum skógræktarsvæðis eru metnar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði. Alls voru 26 minjar á og við skógræktarreit skráðar í mikilli hættu (52%) en 4 minjar í hættu (8%). Minjar innan 20m frá áætluðum byggingareit eru taldar í hættu vegna framkvæmda en þar sem engar upplýsingar lágu fyrir um veg að byggingunni eru minjar vestan til í

¹² https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

túni einnig metnar í hættu. Þetta hættumat endurskoðast þegar frekari upplýsingar um útmörk svæðis og mögulega veglagningu liggja fyrir. Þrjár minjar eru í mögulegri hættu vegna landbrots enda frammi á sjávarbakka. Ellefu minjar, 22%, eru ekki metnar í hættu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

- Forðast skyldi að planta í eða við þekktar minjar.
- Við Stekkjarkletta eru leifar sérstæðs stekkjarg og hleðslu. Forðast skyldi að planta í og milli klettanna þar sem þessi mannvirki eru.
- Minjar í túni mynda áhugaverða minjaheild og þar spilar inn í fjöldi minja og hve heillegar þær eru. Túnið sjálft er líka hluti heildarinnar og vitnisburður um þá miklu vinnu sem fór í túnasléttun fyrir tíma stórvirkra vinnuvéla. Eins og skógræktarsvæðið er sett upp eru útmörk þess innan gamla túnsins rétt um 20m ofan við gamla bæjarhólinn og minjar vestan til í túni. Hér er lagt til að skógræktarlínan verði færð út fyrir útlínur gamla túnsins sem er sýnt sem hvít lína á mynd 25.
- Byggingareitur er innan 20m frá þekktum minjum. Mikilvægt er að taka tillit til þekktra minja við byggingaframkvæmdir og mögulega veglagningu. Skoða þyrfti hvort æskilegt sé að hnika byggingarreitnum fjær minjunum.

Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

Sveitir og jarðir í Múlapingi 2. bindi. (1975). Búnaðarsamband Austurlands.

Vilhjálmur Hjálmarsson (1988). *Mjófirðingasögur. Annar hluti*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Kross. Vilhjálmur Hjálmarsson skráði eftir Agli Stefánssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Loftmyndir og örnefnaþekja á heimasíðu Landmælinga Íslands:

www.lmi.is

Lög um menningarminjar á vef alþingis:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns.

www.manntal.is

Túnakort er fengið af síðu Þjóðskjalasafns Íslands

<http://testbirting.manntal.is/>

Heimildamenn:

Víglundur Gunnarsson

Sævar Egilsson

Fylgiskjöl


Kross í Mjóafirði - hnitaskrá

Minjar með hnitum										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2951-001		óþekkt, kofi	tóft	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746831	531041
2951-002		óþekkt	hleðsla	1800	1952	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747031	531120
2951-003		óþekkt	þúst	1800	1920	greinanleg	hætta	skógrækt	747024	531135
2951-004		óþekkt, mókofi?	tóft	1800	1920	vel greinanleg	hætta	skógrækt	747081	531154
2951-005		óþekkt, mókofi?	tóft	1800	1920	vel greinanleg	hætta	skógrækt	747086	531161
2951-006		matjurtagarður	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	engin hætta		747073	531197
2951-007		óþekkt, matjurtagarður?	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	hætta	skógrækt	747082	531173
2951-008	Græfur	mógröf	niðurgroftur	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747149	531156
2951-009	Græfur	mógröf	niðurgroftur	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747253	531117
2951-010		gata	leið	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747368	531106
2951-011		stekkur	hleðsla	1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747516	531311
2951-012		gata	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	engin hætta		747348	531432
2951-013		hjallur	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	hætta	landbrot	747279	531461
2951-014		hjallur	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	hætta	landbrot	747254	531479
2951-015		túngarður	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	engin hætta		747082	531236
2951-016		óþekkt	þúst	1800	1900	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746832	531137
2951-017		óþekkt, kofi	tóft	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746718	531075
2951-018		óþekkt, kofi	tóft	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746684	531050
2951-019		óþekkt, kofi	tóft	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746643	531076
2951-020	Grænistekkur	stekkur	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		746305	531090
2951-021	Ból	nátthagi	hleðsla	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746489	530947
2951-022		gata	leið	1800	1952	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746638	531129
2951-023		skurður	niðurgroftur	1800	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746770	531080
2951-024	Draughús	óþekkt	tóft	1800	1920	vel greinanleg	hætta	framkvæm	746760	531262
2951-025	Hólshlaða?	hlaða	tóft	1800	1952	vel greinanleg	hætta	framkvæm	746821	531233
2951-027	Kross	híbýli	steinsteypa, hleðsla	1900	1952	vel greinanleg	hætta	framkvæm	746877	531257
2951-028	Kross	híbýli	steinsteypa, hleðsla	1900	1952	vel greinanleg	hætta	framkvæm	746892	531258
2951-029		fjárhús, grunnur	steinsteypa, niðurgroftur	1970	1982	vel greinanleg	engin hætta		747042	531308
2951-030	Kofinn	óþekkt	tóft	1920	1952	vel greinanleg	hætta	framkvæm	746956	531255
2951-031	Hólshús	fjárhús	tóft	1800	1952	vel greinanleg	engin hætta		747012	531185

Kross í Mjóafirði - hnitaskrá

Minjar með hnitum										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2951-032	Götuhaus	fjárhús	tóft	1800	1952	vel greinanleg	engin hætta		747041	531265
2951-033	Kross	híbyli?	heimild	1800	1952	greinanleg	hætta	framkvæm	746949	531246
2951-034		gata	leið	1800	1952	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747113	531288
2951-035		mókofi	tóft	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747244	531141
2951-036		mókofi	þúst	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747241	531119
2951-037	Græfur	mógröf	niðurgröftur	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747269	531214
2951-038	Græfur	mógröf	niðurgröftur	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747280	531139
2951-039		óþekkt	tóft	1500	1900	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747397	531093
2951-040		stekkur	hleðsla	1700	1900	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747503	531341
2951-041		gata	leið	1800	1952	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747476	531395
2951-042	Hjáleiga?	óþekkt	þúst	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747032	531370
2951-043		óþekkt, kofi	tóft	1800	1952	greinanleg	mikil hætta	skógrækt	747043	531111
2951-044	Huldukonusteinr	þjóðsaga	náttúrusteinn	1900	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746884	531076
2951-045		skurður	niðurgröftur	1900	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746770	531080
2951-046		skurður	niðurgröftur	1900	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746770	531080
2951-047		skurður	niðurgröftur	1900	1952	vel greinanleg	mikil hætta	skógrækt	746831	531320
2951-048		óþekkt	tóft	1900	1952	vel greinanleg	hætta	landbrot	746646	531264
Hornar minjar með hnitum										
2951-026		matjurtagarður	heimild	1800	1952	horfinn	engin hætta		746880	531243
2951-049		óþekkt, útihús	heimild	1800	1920	horfið	engin hætta		746770	531080
2951-050		óþekkt, útihús	heimild	1800	1920	horfið	engin hætta		746865	531130


Útlínur skógræktarsvæðis - skráðar minjar sýndar sem gulir punktar



Minjar í heimatúni. Útmörk túns afmörkuð með hvítri línu



Skráðar minjar á Skógræktarsvæði



Allar minjar utan túns - hvít lína sýnir útmörk túns

